

Sp.

377. Tillaga til þingsályktunar

[142. mál]

um grafhellur á leiðum þriggja stórskálda.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú í ár steypa sams konar grafhellur og notaðar eru í Þjóðargrafreitnum á Þingvöllum á leiði Bjarna Thorarensens á Möðruvöllum, Bólu-Hjálmars á Miklabæ og Gríms Thomsens að Bessastöðum.

Greinargerð.

Mitt í hinum vélrænu framförum síðustu áratuga hefur sljóvgast hin forna og rótgróna tilfinning Íslendinga fyrir sögulegum verðmætum. Þjóðin er með nokkrum hætti að slitna sundur og gleymir jafnótt og stundin líður. Veldur hér miklu um miður heppilegt fræðslukerfi, þar sem byrjendahrafl í erlendum málum og ýmiss konar ómerkur fróðleikur rýmir burtu þjóðlegum fræðum. Komið hefur í ljós við tilraunir á nokkrum stöðum, að tæplega kunna fleiri en þriðji til fimmti hver maður þeirra, sem gerast kjósendur í landinu, „faðirvorið“. Almennigur á Íslandi sýndi til skamms tíma mikla ræktarsemi söguefni og sögulegum minningum. Fátæklingar í Reykjavík gerðu af litlum efnum legstein á gróf Sigurðar Breiðfjörðs, og er það minnismerki enn í dag eitt hið merkilegasta í kirkjugarði höfuðstaðarins. Hugur fylgdi þar máli. Minni ræktarsemi sýndu ættingjar, sveitungar, stúdentar í Kaupmannahöfn og þjóðin öll minningu „listaskáldsins góða“, því að í heila öld var ekki lögð svo mikið sem fjöl eða steinn á leiði Jónasar Hallgrímssonar. Ætti slíkt ræktar- og hirðuleysi að varða við lög, enda algerlega óþekkt hjá öllum frændþjóðum Íslendinga. Vestur-Íslendingar hafa gert höfuðskáldi sínu, Stephan G. Stephanssyni, veglega gróf á fögrum árbakka í landi bújarðar hans. Er gröfin og minnisvarðinn úr granit og varir meðan heimur stendur.

Fyrir nokkrum árum hreyfði ég á Alþingi þessu máli og lagði til, að þingið veitti nokkur þúsund krónur til að ganga smekklega frá gröfum átta þjóðskálda. Alþingi veitti heimildina, en menntamálastjórnin svæfði málið í það sinn. Nú er ástæða til að vekja máls á hættunni, sem stafar af grunnfærni og ræktarleysi við dýrmætar sögulegar minningar. Þjóðin eyðir nú mörg hundruð þúsundum króna árlega til eflingar fögrum listum, en meira en helmingur þess fjár gengur til fran-dráttar svokölluðum skáldum og listamönnum, sem eru gersamlega þýðingarlaust fólk fyrir andlegt líf í landinu. En meðan svo er á haldið, er gróf hins fyrsta stórskálds í nýjum sið, Bjarna amtmanns á Möðruvöllum, fullkomlega vanrækt. Gróf Bólu-Hjálmars var talin vera týnd í Miklabæjargarði, þegar Stefán sagnfræðingur Jónsson á Ökrum staðsetti hana og merkti fyrir nokkrum árum. Grímur Thomsen er frægastur þeirra manna, sem fæðzt hafa og látizt á Bessastöðum. En þó að ríkið hafi lagt fram allt að 6 milljónum kr. til að endurreisa þann stað sem höfðingjasetur, þá hefur gleymzt að sinna gróf hins frægasta andans manns, sem þar hefur búið, og eru missmiði á því ráðlagi.

Fer nú vel á, að í ljós komi, hvort sú þjóð, sem gefur út verk stórskálda sinna í útgáfum, sem kosta mörg hundruð krónur, og greiðir Steini Steinar og Svavari Guðnasyni skálda- og listamannalaun, hefur efni á að láta grafir stórskálda sinna týnast í mosagróðri kirkjugarðanna.